



## Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

# Reglur um ráðstöfun hjúkrunarrýma og ferli umsókna um dvöl á hjúkrunarheimili fyrir þá sem ekki eru orðnir 67 ára

1. Beiðnir eiga að berast til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá forstöðumanni þeirrar stofnunar sem áformað er að sjúklingur vistist hjá.
2. Hverri beiðni þarf að fylgja neðangreint:
  - a) Undirritað skjal frá hlutaðeigandi einstaklingi eða aðstandanda hans þar sem fram kemur að einstaklingurinn óski eftir að vistast á viðkomandi hjúkrunarheimili og að hann sé reiðubúinn til vistunar þegar heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins liggur fyrir.
  - b) Bréf læknis viðkomandi þar sem fram kemur sjúkdómsástand sjúklings, mat læknis að sjúklingur hafi þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili og að önnur úrræði til stuðnings s.s. heimaþjónusta, heimahjúkrun, dagvist, öryggishnappur og hjálpartæki frá Tryggingastofnun ríkisins komi ekki til greina eða hafi verið fullreynd.
  - c) Hjúkrunarbréf frá hjúkrunarfræðingi á deild þar sem viðkomandi dvelur eða frá heimahjúkrun þar sem fram kemur nákvæm lýsing á hjúkrunarþörf sjúklings, mat viðkomandi hjúkrunarfræðings á því að sjúklingur hafi þörf fyrir vistun á hjúkrunarheimili og að önnur úrræði til stuðnings s.s. heimaþjónusta, heimahjúkrun, dagvist, öryggishnappur og hjálpartæki frá Tryggingastofnun ríkisins komi ekki til greina eða hafi verið fullreynd.
  - d) Upplýsingar forstöðumanns þeirrar stofnunar sem sækir um vistunina um stöðu á biðlista heimilisins, þ.e. hve margir bíða, hvers konar rými stendur til boða (s.s. rými á einbýli, tvíbýli, fjölbýli eða rými á deild fyrir heilabilaða einstaklinga) og rökstuðningur fyrir því af hverju óskað er eftir að viðkomandi verði tekin fram fyrir aðra sem bíða.
3. Ekki er heimilt að vista sjúkling fyrr en skrifleg heimild frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu liggur fyrir.
4. Ekki er unnt að veita heimild til vistunar einstaklinga yngri en 67 ára á dvalarheimilum fyrir aldraða, þar sem ekki er heimild fyrir því í lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

**Reglur þessar gilda frá 1. september 2005.**